

Lög

Nr. 36.
26. okt.

um

stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhendingu Eiðaeignar
til landssjóðs.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljessvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru :

1. gr.

Á Eiðum skal stofnaður alþýðuskóli, með 2 bekkjum fyrst um sinn, og miðaður við 2—3 vetra nám. Skal hann samskóli, jafnt fyrir konur sem karla.

Jafnframt leggja Múlasýslur niður búnaðarskóla þann, sem þar hefir verið, og afhenda landssjóði eignir hans allar, fastar og lausar, Eiðastólseignir, skólabú, búsáhöld og byggingar, ásamt skuldum þeim og kvöðum, sem á eigninni hvíla og Múlasýslum hennar vegna á afhendingardegi. Afhending fer fram í fardögum 1918 og eftir ákvörðun sameiginlegs sýslufundar Múlasýslna 2. júlí 1917.

Skilyrði fyrir afhendingunni er, að landssjóður starfræki framvegis á Eiðum, eða á öðrum hentugum stað í Múlaþingi, vel út búinn æðri alþýðuskóla, er samsvari kröfum tímans.

2. gr.

Skólinn skal að öllu rekinn á kostnað landssjóðs, enda setji landsstjórnin honum starfsreglur og hafi hans öll ráð.

3. gr.

Kenslugreinar skulu fyrst um sinn þessar: Íslenska, saga, stærðfræði, náttúrufræði, náttúrusaga, landafræði, fjelagsfræði, bókhald, hegð, söngur, fimleikar. Auk þess skulu nemendur eiga kost á tilsögn í ensku og dönsku.

Enn fremur skal haust og vor haldið búnaðarnámskeið við skólann 3—4 vikur og fyrirlestraskeið um 8 daga nær miðjum vetri fyrir almenning.

Á búnaðarnámskeiðunum skal einkum lögð áhersla á jarðrækt og hússtjórn.

4. gr.

Tveir fastir kennarar skulu skipaðir við skólann, skólastjóri með 2600 króna og aðstoðarkennari með 2000 króna árslaunum.

Nr. 36. Hvortveggi hafi leigulausa íbúð með hita og ljósi, enda takmarki þær íbúðir
26. okt. eigi um of húsrúm skólans.

Auk þessa skal sjeð fyrir nauðsynlegri tímakenslu og búnaðarkenslu við nám-
skeiðin haust og vor, annað hvort með aðstoð forstöðumanns gróðrarstöðvar þeirrar,
sem á Eiðum er, eða á annan veg.

5. gr.

Skólaárið telst frá 20. október til 10. maí, en búnaðarnámskeiðin á undan og eftir.
Frjálst skal nemendum skólans að sleppa búnaðarnámskeiðunum eftir vild; eins skal
utanskólamönnum heimilt að nota þau, þegar þeir geta komist að vegna reglulegra nemenda.

6. gr.

Burtfararpróf skal haldið í lok hvers skólaárs fyrir þá, sem lokið hafa námi, og
eiga þeir heimingu á prófskírteini um kunnáttu í öllum skyldunámsgreinum. En sjerstakar
einkunnir skal gefa um kunnáttu í útendum tungumálum og um búnaðarþekkingu, ef
óskað er.

Á k v æ ð i t i l b r á ð a b i r g ð a.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. júní 1918, að lokinni afhendingu Eiðastólseignar, svo
sem segir í 1. gr. Þó skal landsstjórninni heimilt, meðan heimsstyrjöldin stendur, að reka
skólann á hvern þann hátt, sem hentast þykir, eða jafnvel að láta kenslu að einhverju
leyti niður falla.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalfuborg, 26. október 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.